

Nd. **169. Frumvarp til laga** [110. mál]
um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Í 6. lið 7. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 71/1962 komi nýr málslíður á eftir orðunum „umsömdum bótagreiðslum“, sem hljóði svo:

Reynist útgerðarfyrirtæki eigi fært um greiðslu slíkra bóta ber rikissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Árið 1962 flutti flm. þessa frumvarps ásamt nokkrum öðrum þingmönnum frv. um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna. Frumvarpið fól í sér viðauka við 7. gr. laganna, en sú grein fjallar um hvaða gögn skipstjóri skuli afhenda skráningarstjóra þegar lögskráning í skipsrúm fer fram. Þessi viðauki hafði í för með sér að jafnframt yrði skylt að sýna við lögskráningu vottorð frá tryggingarfélagi þess efnis, að sanningsbundnar líf- og slysatryggingar væru í gildi.

Í greinargerð með frumvarpinu var m. a. bent á að æ tíðara hefði það gerst að samtök sjómanna og útvegsmanna hefðu tekið upp í kaup- og kjarasamninga sína ákvæði um líf- og slysatryggingar til viðbótar þeim sem lögboðnar væru. Hins

vegar hefðu óhugnanleg slys, sem orðið hefðu, leitt í ljós að vanræksla hefði átt sér stað varðandi kaup á hinum samningsbundnu tryggingum af hálfu forráðamanna útgerðarféлага þrátt fyrir áskoranir Landssambands íslenskra útvegsmanna til féлага sinna um að halda tryggingum þessum í fullu gildi.

Breytingin, sem frv. gerði ráð fyrir, var í því fólgin að við 7. gr. laganna bættist nýr liður, sem hljóðaði svo:

„Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingarfélagi um, að samningsbundnar líf- og slysatryggingar séu í gildi“.

Frumvarpið hlaut samþykki í Nd., en í Ed. kom fram sá ótti, að ef lögskráningarstjóri sýndi gáleysi í starfi hvað þessu viðkemur gæti hann orðið persónulega ábyrgur fyrir svo háum fébótum að ekki yrði undir staðið. Má vera að einhverjir hafi einnig viljað losa ríkissjóð undan hugsanlegri fébótaábyrgð án þess að hugsa um leið til ekkna og barna, ef um slíka vanrækslu væri að ræða.

Ljóst var að málið mundi stöðvast alveg, ef ekki yrði samþykkt breyting á hinu skilyrðislausu ákvæði frumvarpsins, og voru því breytingar gerðar á frv. og það samþykkt endanlega þannig:

„Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingarfélagi um líf- og slysatryggingar skipverja, og skal skráningarstjóri ganga úr skugga um, að þær séu í samræmi við gildandi kjarasamninga. Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi, og er þá viðkomandi útgerðarfyrirtæki ábyrgt fyrir umsömdum bótagreiðslum.“

Flm. hefur ekki haft aðstöðu til að kynna sér tíðni vanrækslusynda á þessu sviði síðan þetta ákvæði lögskráningarlaganna tók gildi, enda biðu þeir fáu, sem virtust láta sig mál þetta varða, eftir dómi Hæstaréttar varðandi kröfu sem ekkja eftir skipverja, sem fórst með skipi sínu að talið er 6. mars 1969, gerði á hendur ríkissjóði til greiðslu samningsbundinnar váttryggingarfjárhæðar fyrir sína hönd og barna sinna, en útgerðarmaður reyndist ógjaldfær um greiðslu þegar eftir var leitað. Dómur Hæstaréttar féll 20. nóvember 1978 (mál nr. 87/1976). Í undirrétti var ríkissjóður sýknaður svo og í Hæstarétti, en þar töldu þeir dómara að útgerð skips, en eigi ríkissjóður, bæri skaðabótaábyrgð þótt lögskráð hafi verið á skipið án þess að í gildi væri líf- og slysatrygging sú sem um er fjallað í greindu lagaákvæði. Sératkvæðum skiluðu tveir hæstaréttardómara og töldu að dæma æfti stefnda (ríkissjóð) til að greiða áfrýjendun hina umstefndu fjárhæð með vöxtum eins og krafist er, því ekki væri ágreiningur um fjárhæðir. Í ítarlegri grg. þessara tveggja hæstaréttardómara fyrir sératkvæði sínu segir m. a. efnislega á þessa leið:

Könnunarskylda skráningarstjóra er sérstaklega brýn, og lýtur hún að afmörkuðu og auðkönnuðu atriði. Lagaákvæðinu er ætlað að tryggja, að líf- og slysatrygging sjómanna, sem lögskráðir hafa verið, sé ávallt í gildi í samræmi við kjarasamninga, svo sem greinargerð með frumvarpi til laganna ber með sér. Skráningarstjóra urðu á saknæm mistök, er hann gætti þess ekki, áður en hann lögskráði skipverja á vélbátinn, að krefjast yfirlýsingar tryggingarfélags um líf- og slysatryggingu þeirra. Sætti hann áminningu í sakadómi fyrir brot á þessari starfsskyldu sinni, eins og í héraðsdómi greinir. Þessi mistök skráningarstjóra leiddu til þess, að vélbáturinn lét úr höfn með lögskráða áhöfn, án þess að skipverjar væru líf- og slysatryggðir í samræmi við gildandi kjör. Urðu afleiðingarnar þær, að áfrýjendur fengu ekki greidda váttryggingarfjárhæð þá, er þeir áttu rétt á samkvæmt framan-sögðu, þar sem útgerðarmaður reyndist ógjaldfær. Eins og hér stendur á, þykir vera um að ræða slík mistök í stjórnslu, að leggja verði bótaábyrgð vegna þeirra á ríkissjóð, en hann ber ábyrgð á þessum mistökum lögskráningarstjórans.

Með samþykkt þessa frumvarps telur flm. að hagsmunir þeirra, sem tryggingarinnar eiga að njóta, verði tryggðir, þótt um vanrækslu skráningarstjóra sé að ræða og vanmátt útgerðarfyrirtækis til greiðslu hinnar samningsbundnu tryggingar, hafi fyrirtækið ekki keypt sér slíka tryggingu.